

# FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

## Fundur nr. 1856

Ár 2010, þriðjudaginn 31. ágúst kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu kl. 16:00.

**Fundinn sátu:** Baldur Smári Einarsson, Anna G. Edvardsdóttir, Jóhann Hannibalsson og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

**1. Breyting á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga.**

Bréf frá FV dags. mótt. 25. ágúst. 2010 þar sem kynntar eru breytingar á samþykktum Fjórðungssambandsins sem lagðar verða fyrir 55. Fjórðungsþing Vestfirðinga.

*Kynnt.*

**2. Styrkvegafé 2010.**

Umsókn Bolungarvíkurkaupstaðar dags. 20. maí 2010, um fjárveitingu úr Styrkvegaskjóði vegna vegabóta í Syðridal. Svarbréf frá Vegagerðinni dags. 23. ágúst, við umsókn Bolungarvíkurkaupstaðar, þar sem fram kemur að ákveðið hefur verið að úthluta einni milljón króna til framkvæmda á vegi inn Syðridal.

10 05 024

*Bæjarstjóra falið að vinna að framgangi málsins í samráði við byggingarfulltrúa, þannig að fjármunir nýtist sem best.*

**3. Skoðunarferð í Félagsheimili Bolungarvíkur.**

Bæjarráð fór og skoðaði framkvæmdir við FHB.

**4. Önnur mál.**

**a. Leyfi frá störfum bæjarfulltrúa.**

Bréf frá Önnu G. Edvardsdóttur, dags. 30. ágúst 2010, þar sem hún óskar leyfi frá störfum sem bæjarfulltrúi frá 10. september nk. til 31. desember 2010 vegna náms og rannsóknarstarfa í Skotlandi.

*Kynnt.*

Fundi slitið kl. 17:30.

**Baldur S. Einarsson**  
**Anna G. Edvardsdóttir**  
**Jóhann Hannibalsson**  
**Elías Jónatansson**